

Nr. 52

27. maí 2014

LÖG

**um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012,
með síðari breytingum (EES-reglur).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frestur flugrekenda til að skila skýrslu fyrir árið 2013 samkvæmt ákvæði 21. gr. framlengist um eitt ár, til 31. mars 2015, og skylda flugrekenda til að standa skil á losunarheimildum skv. 17. gr. vegna losunar árið 2013 framlengist til 30. apríl 2015. Ekki verður breyting á skyldu flugrekenda til að vakta losun sína skv. 21. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 421/2014 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins með tilliti til framkvæmdar á alþjóðasamningi um beitingu sameiginlegrar markaðstengdrar heildaráðstöfunar um alþjóðlega losun frá flugi frá árinu 2020.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. maí 2014.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.

A-deild – Útgáfud.: 30. maí 2014